

Fundinn sátu:

Steinn Jóhannsson, Stefan Cristian Otte, Þórhalla Steinþórsdóttir, Helga Jóhannsdóttir (ritari), Halla Sigrún Arnardóttir (foreldraráð), Karl Sigurðsson, Ragnar Guðmundson, Hrafnhildur Anna Hannesdóttir (NFMH) og Unnur Lilja Hermannsdóttir (formaður), Margrét Nordahl. **Forföll:** Hildur Sverrisdóttir, Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir.

Dagskrá fundarins :

- Fækkun eininga á stúdentsprófi í MH
- Mannaráðningar fyrir næsta skólaár
- Viðburðir sem eru framundan
- Samstarf við NHMH
- Önnur mál

1. Fækkun eininga á stúdentsprófi í MH

- Stjórnendur MH hafa verið að skoða hvernig okkar nemendum gengur að ljúka á þremur árum í núverandi kerfi. Nemendur eru að ljúka að meðaltali tæpum 29 einingum á önn sem er ekki nóg til að klára á þremur árum. Flestir eru að klára á 3,5 árum en í vor ljúka ca. 37% prófi á þremur árum. Krafa stjórnvalda er að fjölga þeim nemendum sem ljúka á réttum tíma og þess vegna fórum við út í umræðuna um fækkun eininga til stúdentsprófs auk þess að vinnuálag á nemendum er með mesta móti í núverandi kerfi. Gerð var könnun meðal kennara til að athuga hugmyndir þeirra til að fækka einingum. Vinnuhópur fór yfir niðurstöðurnar og endanlega tóku stjórnendur ákvörðun. Niðurstaðan varð 205 einingar. Friðsala valið verður minnkað um 10 einingar á FÉL (45 verður 35), MÁL (45 verður 35) og NÁT (25 verður 15). Á opinni braut verður kjörgreinum fækkað niður í 3 og um leið verður 2. kjörgrein sett upp í 20 einingar (úr 15 í 20). Listdansbraut og tónlistarbraut haldast óbreyttar í 215 einingum.
 - Ánægja meðal fundarmanna með þessa ákvörðun og skólinn getur vonandi haldið sérstöðu sinni með magn valáfanga og að ekki þurfi allir að klára á þremur árum heldur hafi val um að vera aðeins lengur ef nemendur kjósa svo.
- Hvað nemendur varðar þá hafa þeir verið að taka mikið fjarnám í öðrum skólum og er vonast til að fækkun eininga verði til þess að þeir sjái sér frekar fært að klára einingarnar í MH. Það er kostur að þau taki námið alfarið í MH.
- Árangur okkar í hinum ýmsu keppnum (stærðfræði, efnafræði, franska, enska svo eitthvað sé nefnt) ber þess merki að í MH sé verið að vinna gott starf og fjölbreytnin í fyrirrúmi.

2. Mannaráðningar fyrir næsta skólaár

- Mikið um umsóknir þannig að þetta lítur vel út. Virðist vera að við náum í fólk í allt sem auglýst er. Verður unnið úr umsóknum í næstu viku og boðað í viðtölu í kjölfarið.
- Innanhússtöður auglýstar: Námsstjórar, töflusmiður og persónuverndarfulltrúi.

3. Viðburðir sem eru framundan

- Björk Guðmundsdóttir mun vera plötusnúður á dansleik nemenda í Austurbæ, 10. apríl.
- Tónleikar kórsins - Vormítamín - á sumardaginn fyrsta kl 16:00.
- Kosningar nýrrar stjórnar NFMH.

4. Samstarf við NHMH

- Nemenda og hollvinasamtökin koma á fund í lok apríl þar sem mögulegt samstarf verður rætt. Markmið að fá þau til að koma að októbertvikunni og fleiru. Spurning hvort útskriftarnemar að vori fái boð í að koma og taka þátt í októberlotunni. Treystum því að NHMH taki að sér að útfæra og koma með tillögum að aðkomu útskrifaðra að skólanum eftir útskrift.

5. Önnur mál

- Erum í úttekt hjá ríkisendurskoðun.
- Notkun skjalastjórnunarkerfis komið á fullt skrið.
- Komin tvö framboð í formann nemendafélags NFMH – kosningar eru í næstu viku.
- Hafin er undirbúningur undir jafnlaunavottun með því að senda þrjá starfsmenn á námskeið hjá Endurmenntun HÍ. Farið verður í það í vor að búa til áætlun um framhaldið í ferlinu að vottun.